


Ný reglugerð um skólastarf tekur gildi 3. nóvember

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/11/01/Ny-reglugerd-um-skolastarf-tekur-gildi-3.-november-Skolar-afraam-opnir/>

[Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 2020](#)



HAFNARFJÖRÐUR



Helstu reglur í skólastarfi frá 3. nóvember 2020

	2 metra regla	Hámarksfjöldi í rými	Grímunotkun
Börn í leikskólum	Nei	50	Nei
Nemendur í 1. – 4. bekk	Nei	50	Nei
Nemendur í 5. – 10. bekk	Já	25	Já, ef 2 metra bil er ekki mögulegt
Nemendur í framhaldsskólum	Já	10*	Já, ef 2 metra bil er ekki mögulegt
Nemendur í háskólum	Já	10*	Já, ef 2 metra bil er ekki mögulegt
Nemendur í tónlistarskólum	Já	10	Já, nema í kennslu á blásturshljóðfæri og söngkennslu.
Kennarar og starfsfólk	Já	10	Já, ef 2 metra bil er ekki mögulegt

* Heimilt að halda þýðingarmikil próf í framhalds- og háskólum fyrir allt að 30 einstaklinga í vel loftræstum rýmum, að uppfylltri 2 metra fjarlægðarreglu og kröfum um sóttvarnir.

Í áföngum á fyrsta námsári í framhaldsskóla er leyfilegur hámarksfjöldi 25.

Helstu reglur fyrir leikskóla

Hámarksfjöldi starfsfólks í rými:	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar
Grímunotkun starfsfólks	Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa	Heimil
Hámarksfjöldi nemenda í rými	50
Lágmarksfjarlægð milli nemenda	Engin
Grímunotkun nemenda	Engin

Aðstandendur skulu ekki koma í skólabyggingar, án sérstaks leyfis.

Aðeins eitt foreldri fylgi börnum í aðlögun og fylgi ströngum reglum á staðnum.

Aðrir en starfsmenn skólanna skulu nota andlitsgrímu ef þeir þurfa að koma inn í skólabyggingar

Leikskólar:

Í leikskólum gildir tveggja metra reglan um kennara og starfsfólk, en þar sem lágmarksfjarlægð verður ekki komið við er starfsfólki skylt að bera andlitsgrímur. Hámarksfjöldi fullorðinna í hverju rými eru 10.

Nálægðartakmörk gilda ekki um börn á leikskólaaldri, en fjöldi barna í hverju sóttvarnarými skal að hámarki vera 50.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Gestir sem koma í leikskólabyggingar, svo sem starfsfólk skólapjónustu eða vegna vöruflutninga, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun og bera andlitsgrímur.

Skipulagt íprótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á leikskólaaldri er óheimilt á meðan reglugerðin er í gildi.

Helstu reglur fyrir grunnskóla

	1. – 4. bekkur	5. – 10. bekkur
Hámarksfjöldi starfsfólks í rými:	10	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar	2 metrar
Grímunotkun starfsfólks	Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt	Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa	Heimil	Heimil
Hámarksfjöldi nemenda í rými	50	25
Lágmarksfjarlægð milli nemenda	Engin	2 metrar
Grímunotkun nemenda	Engin	Þar sem 2 metra bil milli nemenda er ekki mögulegt
Sameiginleg rými (inngangar, anddyri, snyrtingar og gangar)	Heimilt að víkja frá fjöldatakmörkunum ef <u>starfsfólk</u> notar andlitsgrímur.	Heimilt að víkja frá fjöldatakmörkunum ef <u>nemendur</u> og <u>starfsfólk</u> nota andlitsgrímur

Aðstandendur skulu ekki koma í skólabyggingar, án sérstaks leyfis.

Aðrir en starfsmenn skólanna skulu nota andlitsgrímu ef þeir þurfa að koma inn í skólabyggingar

Grunnskólar og frístundastarf á grunnskólastigi:

Tveggja metra reglan gildir um kennara og starfsfólk í grunnskólum, en nota skal andlitsgrímu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarksfjarlægð. Hámarkfjöldi fullorðinna í hverju sóttvarnarymi í grunnskólum er 10, en starfsfólki er heimilt að fara milli hópa til að sinna kennslu og veita aðra nauðsynlega þjónustu.

Nemendur í 1.-4. bekk eru undanþegnir tveggja metra reglu og grímuskyldu. Hámarksfjöldi þeirra í hverju sóttvarnarymi eru 50.

Nemendur í 5.-10. bekk þurfa að fylgja tveggja metra reglu, en ef víkja þarf frá henni ber nemendum að nota grímu. Að hámarki mega 25 nemendur í 5. – 10. bekk vera í hverju sóttvarnarymi.



Í sameiginlegum rýmum skólabygginga, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun og reglu um blöndun hópa að því gefnu að nemendur í 5.–10. bekk og starfsfólk noti andlitsgrímu. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðartakmörkun, svo sem í verklegri kennslu og listkennslu, skulu kennarar og nemendur í 5.–10. bekk nota grímur.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Aðrir sem þurfa að koma í skólabyggingar, svo sem starfsfólk skólapijónustu, kennarar tónlistarskóla eða starfsfólk í vöruflutningum, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun og bera andlitsgrímur.

Halda skal þeirri hópaskiptingu nemenda sem er í grunnskólastarfi á frístundaheimilum þannig að þar verði ekki blöndun á milli nemendahópa.

Skipulagt íprótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri, þ.m.t. starf félagsmiðstöðva, er óheimilt á meðan reglugerðin er í gildi.



Helstu reglur tónlistarskóla



Hámarksfjöldi einstaklinga í rými:	10
Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks	2 metrar
Grímunotkun starfsfólks	Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt
Tilfærsla starfsfólks milli hópa	Heimil
Grímunotkun nemenda	Hjá nemendum í 5. bekk og eldri (kennsla á blásturhljóðfæri og söngkennsla undanþegin).

Tónlistarskólar:

Tónlistarskólum er heimilt að sinna einstaklingskennslu með 2 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks og nemenda. Að hámarki mega 10 einstaklingar vera í sama rými, en tryggja þarf að blöndun hópa verði ekki önnur en í almennu skólastarfi. Andlitsgrímur skulu notaðar í öllu starfi með nemendum þar sem því verður við komið.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma í tónlistarskóla nema brýna nauðsyn beri til. Gestir sem þurfa að koma í skólabyggingar, svo sem starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélaga eða vegna vöruflutninga, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun og bera andlitsgrímur.

